

140. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

140. fundur framkvæmda- og veitustjórnar, kjörtímabilið 2006-2010 haldinn 31.7.2007 að Austurvegi 2, Selfossi, kl. 12:00

Mætt:

Porvaldur Guðmundsson, formaður, B-lista
Gylfi Þorkelsson, varaformaður, S-lista
Margrét Magnúsdóttir, varamaður V-lista
Snorri Finnlaugsson, nefndarmaður D-lista
Þórunn Jóna Hauksdóttir, varamaður D-lista
Ásta Stefánsdóttir, bæjarritari

Dagskrá:

1. Samningur um Dísarstaði

Lagður var fram samningur við landeiganda Dísarstaðalands um uppbyggingu íbúðasvæðis í landi Dísarstaða, norðan Suðurhóla. Bæjarritari fór yfir samninginn. Framkvæmda- og veitustjórn gerir ekki athugasemd við samninginn og leggur til að bæjarráð samþykki hann.

2. Íbúafjöldi

Íbúar í Árborg voru 7.445 þann 27. júlí. Þeir voru 7.310, 1. janúar s.l. og hefur því fjölgað um 135 frá áramótum eða um

ca. 19 hvern mánuð sem af er ári. Ef fjölgunartaktur þessi helst óbreyttur út árið þá fjölgað íbúum um 278 og verða þeir í lok árs alls 7.588, hefur fjölgað um 3,8 %. Fjölgunin er nær einvörðungu á Selfossi en þar búa nú 6.136. Á Eyrarbakka búa 582, á Stokkseyri 555 og í Sandvík 157. Við bætast 15 íbúar sem eru óstaðsettir m.v. skráningu. Ef undanfarnir 12 mánuðir eru skoðaðir þá var fjölgunarhlutfallið um 3 %.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, D-lista, lagði til að upplýsingar um aldursskiptingu fylgi íbúatölum.

3. Erindi til kynningar:

Engin.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 12:30.

Þorvaldur Guðmundsson

Gylfi Þorkelsson

Margrét Magnúsdóttir

Snorri Finnlaugsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Ásta Stefánsdóttir